

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

#### 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við mælingu möskva skal mælistiku þannig beitt:

- A. Netið skal strekkt svo að möskvar teygist eftir lengdarlínu þess.
- B. Mjórri enda á stiku skal stungið í möskvann hornrétt á netið.
- C. Stikunni skal stungið inn í möskvann, annaðhvort með handafli eða með því að nota lóð eða aflmæli, þar til mælirinn stöðvast á skásettu hliðunum vegna viðnáms frá möskvanum.
- D. Leggmöskvi skal teygður milli upptökuhnúta þegar stikunni er stungið í hann.
- E. Möskvar T90 nets skulu mældir á milli upptökuhnúta, skáhallt (á legg) eftir lengdarási netsins.
- F. Þegar mældir eru möskvar í þorskfisknetum og hrognkelsanetum skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. nóvember 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Baldur P. Erlingsson.**

*Hinrik Greipsson.*